

Fundur í foreldraráði 13.9 2021

Kl.20.00 til 21.00

Í foreldraráði Akrasels veturinn 2022 – 2023 eru;

Anna Lilja Björnsdóttir, Guðmundur Brynjar Júlíusson, Jónas Kári Eiríksson og Vera Knútsdóttir.

Á fundinn mættu ;

Guðrún leikskólastjóri, Sigurrós aðstoðarleikskólastjóri, Anney, Anna Lilja Björnsdóttir og Vera Knútsdóttir

Farið var yfir ;

Fjöldi barna í Akraseli þennan veturinn eru 141 barn. Aldursskiptingu er þannig að það eru 72 strákar og 69 stelpur og skiptist þannig eftir árgöngum;

- Árgangur 2017 - 25 börn - Klettur
- Árgangur 2018 - 36 börn – Gljúfur / Berg
- Árgangur 2019 - 35 börn – Gljúfur / Tjörn / Berg
- Árgangur 2020 – 32 börn – Tjörn / Mýri / Lækur
- Árgangur 2021 - 13 börn - Mýri

Skrifstofa leikskólastjóra er flutt í herbergi á móti inngangi starfsmanna og aðstoðarleikskólastjóri er komin í gömlu skrifstofu leikskólastjóra.

Anney hefur verið ráðin inn á skólasvið og mun hún leysa af þar frá 1.10 til 31.5 2023. Guðrún fer í stöðu Anneyjar og Rós í stöðu Guðrúnar.

Farið var yfir skóladagatalið fyrir veturinn 2022 – 2023. Starfsáætlun verður kynnt síðar en fulltrúar munu fá hana senda í tölvupósti til yfirferðar.

Breytingar á starfsdögum vegna náms og kynnisferðar starfsfólks opið 2 janúar og 11 apríl og lokað 26. og 30. maí í staðinn.

Það hefur ein beiðni borist um breytingu á opnunartíma leikskólans eða frá kl.7, en það þarf þrjá eða fleiri ef breyta á opunar og lokunar tíma leikskólans.

Í lögum um leikskóla í grein 11. Er talað um foreldraráð

„Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með

framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi „

Jónas er aðalmaður í skóla og frístundaráði og annar leikskóli er með varamann í ráðinu.

Búið er að gera helling í sumar í garðinum í Akraseli, nýr úti kofi kominn, búið að helluleggja inni á lóðinni, en það er búið að taka upp gróður á horninu Hamra og Lindar. Lagðar verða hellur þannig að þetta verði snyrtilegra. Skipt var um hliðið Lindarmegin

Búið að laga flæði á bílastæði með einstefnum.

Við erum með heimasíðustjóra sem setur inn á síðuna fréttir og upplýsingar.

Verið að vinna aðgerðaráætlun vegna innramats.

Búið að búa til teymi innan leikskólans sem vinn að ýmsum málum eins og umhverfisteymi, málörvunarteymi, heilsuefningarteymi, lífsleikni/UNESCO/barnasáttmálateymi, útikennsluteymi, jógateymi, sérkennsluteymi, listsköpunarteymi og á áætlun er að stofna fjölmennigateymi.

Hugmynd um að börnin á Akraseli panti fund með bæjarstjóra og leggja fram óskir t.d. um fótboltavöll o.fl. á degi leikskólans í febrúar 2023.

Fyrirspurn frá foreldrum um hvort foreldrar gætu keypt fasta tíma fyrir hvern dag fyrir sig t.d. með styttri föstudaga.

Ekki fleira gert.

Fundagerð ritaði Sigurrós.